




Málsnr.: _____
Skjálasafn Vestmannaeyjar

73. FEB. 2021

Bréfalykill: _____



Lokaskýrsla vegna styrks úr Þróunarsjóði leik- og grunnskóla Vestmannaeyja



Tónlistarkennsla og jógaíðkun

12 vikna kennsluáætlun fyrir jógaíðkun með leiskólabörnum

Veturinn 2020-2021

Umsjónarkona: Marta Jónsdóttir leikskólakennari

Ábyrgðaraðili: Helga Björk Ólafsdóttir skólastýra

Leikskólinn Sóli

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Markmið verkefnisins er að innleiða tónlist og jóga í leikskólann með það að markmiði að efla tilfinningalegt jafnvægi, jákvæða félagslega hegðun og vellíðan bæði nemenda og kennara. Að styrkja kennara í kennslu í þessum greinum.

Jógaverkefninu er ætlað að:

- Kenna börnum og kennurum einfaldar jógaæfingar og hugleiðslu. Þannig að í framhaldi geti kennarar verið með sína eigin jógatíma með sínum hópi.
- Börn nái að tileinka sér aðferðir til að auka hugarró og læri öndunaræfingar sem hjálpa til við að róa sig þegar þess þarf.
- Vinna með hreyfiþroska barna, gróf- og fínhreyfingar og jafnvægisæfingar.
- Koma á reglulegum jógatímum kennara með sinn barnahóp og að til verði kennsluáæltun og leiðbeiningar fyrir kennara.

Tónlistarverkefninu er ætlað að:

- Kenna börnum og kennurum grunnþætti í tónlist.
- Auka öryggi kennara í hljóðfæransonkun með börnum.
- Markviss ljóðakennsla, þar sem lögð verður áhersla á flóknari texta.

Eins og segir í Aðalnámskrá Leikskóla; "allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla". Í nútíma erilsömu og hröðu samfélagi sem við búum í teljum við ekki síst mikilvægt að hlúa að vellíðan barna og að kenna þeim aðferðir jóga og hugleiðslu sem getur hjálpað þeim við að finna innri ró í dagsins önn.

Í Aðalnámskrá Leikskóla segir; "Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákn." og "Í leikskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn: Njóta þess að taka þátt í skapandi ferli. Finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti. Kanna og vinna með margvíslegan efnivið. Nýta fjölbreytta tækni. Kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Læra texta og taka þátt í söng. Skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.

Við lok verkefnisins munum við eiga kennsluáætlun og leiðbeiningar fyrir kennara í tónlistarkennslu og jógaiðkun sem þegar hefur þá verið prufukennd.

Leiðir til að ná markmiði:

Þegar styrkur var í höfn settust undirritaðar niður og fóru yfir það sem við sáum fram á að geta framkvæmt fyrir þá upphæð sem fékkst. Niðurstaðan varð sú að vinna 12 vikna kennsluáætlun í jóga með börnum, eignast jógadýrir, lampa og bjöllu. Við hugsuðum okkur svo að sækja um aftur til að geta prufkennt efnið og gert þær leiðréttigar sem upp munu koma í því ferli.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Við upplifðum í raun engar hindranir þegar við höfðum farið í gegnum það hvernig við sáum verkefnið fyrir okkur. Marta sá alfaríð um að skrifa kennsluáætlunina, finna heimildir og rýna í efnið. Undirritaðar ræddu hins vegar efnið oft, framkvæmd og hvernig okkur langar að sjá jógaíðkun sem hluta af daglegri rútinu á Sóla.

Mat á verkefninu:

Við erum virkilega ánægðar með afrakstur verkefnisins. Við höfum nú í höndum 12 vikna kennsluáætlun sem bara á eftir að virkja og halda að hópstýrum/kennurum á Sóla. Það teljum við að muni takast þegar kennarar fá að upplifa prufukennsluna sem sótt verður um í næstu lotu.

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarfið og kynning á verkefninu:

Afraksturinn er 12 vikna kennsluáætlun sem fylgir hér með, einnig höfum við komið okkur upp aðstæðum til að taka góða jógatíma með nemendum okkar

Ráðstöfun styrks: 396.784 kr.

Heildarupphæð styrks: 400.000 kr.

Laun 73 tímar Marta, HBÓ 16 (3836 kr)	341.404 kr.
Gögn, sjá lista hér að neðan	55.380 kr.
Samtals:	396.784 kr.

Jögadýnur	27.900 kr.
Tíbetan söngskál, prik og hringur	9900 kr.
Ilmolíulampi og ilmkjarnaolíur	17580 kr.